

Ár 2025, laugardaginn 22. mars, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) upp kveðinn dómur í kærumálinu nr. 1/2025:

Handknattleiksdeild Íþróttafélags Reykjavíkur

gegn

ÍBV Íþróttafélagi

Málið dæmir Grímur Sigurðsson.

Mál þetta var höfðað með kæru dagsettri 8. mars 2025, sem fékk skjalnúmerið 1.

Kærði skilaði greinargerð til dómstólsins þann 11. mars 2025 og fékk hún skjalnúmerið 2, ásamt fylgiskjali sem fékk skjalnúmerið 3. Þann 14. mars 2025 skilaði stjórn HSÍ athugasemdum um málið og fengu þær skjalnúmerið 4. Þinghald var í málinu þann 17. mars 2025 og þá ákveðið að málið skyldi flutt skriflega. Þann 19. mars 2025 skilaði kærandi viðbótarathugasemdum og fengu þær skjalnúmerið 5.

Frammi liggja dómskjöl merkt nr. 1.-5

Dómkröfur

Kærandi gerir þær kröfur að kæranda verði dæmdur 10-0 sigur í leik ÍR og ÍBV sem fram fór í Olís-deild meistaraflokks karla þann 8. mars 2025.

Kærði gerir þær dómkröfur að öllum kröfum kæranda verði hafnað og að kæranda verði gert að greiða kærða kr. 300.000 í málskostnað.

Málsatvik

Þann 8. mars 2025 fór fram leikur ÍR og ÍBV í Olís-deild meistaraflokks karla og endaði með jafntefli, 33-33. Á 36. mínútu leiksins kom upp atvik þar sem dómara gerðu leikmanni ÍBV að yfirgefa leikvöllinn þar sem blóð var á liðstreyju hans. Leikmaðurinn mun þá hafa farið úr hinni blóðugu treyju og klætt sig í nýja, sem á var leitað annað leiknúmer. Sneri hann aftur inn á leikvöllinn í þeirri treyju með leyfi dómara og eftirlitsmanns og lauk því leik með annað leiknúmer leitað á liðstreyju en greinir í leikskýrslu.

Málsástæður aðila

Kærandi ÍR heldur því fram leikmaður sem kemur inn á leikvöll í leiktreyju sem á er leitað annað númer en samkvæmt leikskýrslu sé ólöglegur. Samkvæmt 8. mgr. 7. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót skuli leikskýrsla liggja fyrir eigi síðar en 45 mínútum fyrir leik og eftir þann tíma er óheimilt að gera breytingar á henni. Þá komi jafnframt fram í 12. mgr. ákvæðisins að númer hvers leikmanns skuli tilgreint í leikskýrslu í samræmi við númer á keppnisbúningi. Engin

heimild sé til að breyta leikskýrslu eða númeri á keppnisbúningi eftir að leikskýrsla hefur verið staðfest. Skýra beri framangreindar reglur á þann veg að óheimilt sé að leikmaður leiki í treyjum með mismunandi númerum í einum og sama leiknum. Reglurnar hafi verið skýrðar bókstaflega í fyrri leikjum og vísar kærandi til framkvæmdar í leik kæranda gegn HK, þar sem leikmanni hafi verið meinað að koma inn á völlinn í liðstreyju með öðru númeri en samkvæmt leikskýrslu við sambærilegar aðstæður og því þurft að þrifa treyjuna áður en hann gat hafið leik að nýju.

Með vísan til framangreinds byggi kærandi á því að kærði hafi teflt fram ólöglegum leikmanni í leiknum. Samkvæmt ákvæði 32. gr. reglugerðar HSÍ teljist lið, sem gerist sekt um slíka háttsemi, hafa tapað leiknum með 10 mörkum gegn engu.

Að mati kæranda feli brot á framangreindum reglum ekki í sér mat dómara á leikreglum, heldur hafi sú ákvörðun þeirra að heimila umræddum leikmanni að koma inn á leikvöllinn í treyju með öðru númeri en samkvæmt leikskýrslu falið í sér ranga framkvæmd leiksins. Slíkar ákvarðanir komi til skoðunar dómstóls HSÍ.

Þá mótmælir kærandi kröfu kærða um málskostnað.

Í greinargerð kærða ÍBV kemur fram að óumdeilt sé í málinu að leikmaður ÍBV hafi yfirgefið leikvöllinn að kröfu dómara, vegna þess að blóð var á leiktreyju hans, og komið inn á leikvöllinn með leyfi dómara í treyju með öðru númeri. Hins vegar sé deilt um afleiðinga þessarar ákvörðunar.

Kærði telur að ákvörðun dómara og eftirlitsdómara umrætt sinn hafi verið hluti af framkvæmd leiksins og mati dómara á aðstæðum hverju sinni. Slíkar ákvarðanir dómara teljist hluti af leiknum og komi ekki til endurskoðunar að leik loknum. Sú ákvörðun að heimila leikmanninum þátttöku í treyju með öðru númeri en hann hóf leik í, og samkvæmt leikskýrslu, hafi ekkert með lögmæti leikmannsins að gera, enda hafi leikskýrslu ekki verið breytt. Ákvörðunin sé hluti af valdi dómara á meðan á leik stendur og verður ekki breytt eftir að leik lýkur.

Í greinargerð stjórnar HSÍ er ekki tekin efnisleg afstaða til sakarefnisins, en vísað til þess að samkvæmt reglugerðum HSÍ sé skýrt að eftir að tæknifundi lýkur sé óheimilt að gera breytingar á leikskýrslum. Aftur á móti sé framkvæmd hinna dönsku og evrópsku handknattleikssambanda á þann veg, að heimilt sé að leyfa leikmanni, sem lendir í því að liðstreyja hans óhreinkast eða rifnar í leik, að koma inn á völlinn að nýju í treyju með öðru númeri, að því gefnu að það númer hafi ekki verið notað í leikskýrslu.

Niðurstaða

Samkvæmt 31. gr. laga HSÍ skulu dómstólar HSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda HSÍ og varða lög og reglur HSÍ eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar HSÍ byggja niðurstöður sínar.

Ágreiningur deiluaðila lýtur fyrst og fremst að því hvort kærði hafi brotið gegn reglum 7. og 30. gr. reglugerðar HSÍ um leikskýrslur og notkun ólöglegra leikmanna. Að mati kæranda feli þátttaka leikmanns í liðstreyju með öðru númeri en hann hóf leikinn, og tilgreint er í leikskýrslu, í sér brot gegn ákvæðunum. Að mati kærða fellur tilvikið ekki undir framangreind ákvæði, heldur sé ákvörðun um að leyfa leikmanni þátttöku í liðstreyju með öðru númer en hann hóf leikinn í hluti af ákvörðunarvaldi dómara, sem sé endanlegt og verði ekki endurskoðað af dómstólnum.

Það er því meginúrlausnarefni þessa máls hvort kærði hafi brotið gegn reglum um leikskýrslur, notast við ólöglegan leikmann í leik kæranda og kærða, sem og hvort þær ákvarðanir dómara sem deilt er um hafi falið í sér brot á leikreglum sem kemur til endurskoðunar hjá dómstólnum.

Fjallað er um leikskýrslu í 7. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót. Í 8. mgr. ákvæðisins segir að óheimilt sé að gera breytingar á leikskýrslu eftir að tæknifundi lýkur, en slíkur fundur skal að jafnaði hefjast eigi síðar en 75 mínútum fyrir leik. Samkvæmt 11. mgr. ákvæðisins mega aðeins þeir, sem eru skráðir á skýrslu þegar leikur hefst, taka þátt í viðkomandi leik. Í 12. mgr. ákvæðisins segir að númer hvers leikmanns skuli tilgreint í leikskýrslu í samræmi við númer á keppnisbúningi.

Óumdeilt er í máli þessu að leikskýrsla var rétt út fyllt í upphafi leiks. Allir leikmenn, sem tilgreindir voru á leikskýrslu, hófu leik í liðstreyjum með þeim númerum sem getið var í leikskýrslu. Eins og áður er getið er óheimilt að breyta leikskýrslu eftir að tæknifundi lýkur og var það ekki gert í því tilviki sem hér er til meðferðar. Verður því ekki séð að kærði hafi brotið gegn ákvæði 7. gr. reglugerðar HSÍ um leikskýrslu.

Þessu næst þarf að meta hvort leikmaður, sem kemur inn á leikvöllinn í treyju með annað leiknúmer en hann hefur leik í, og greint er frá í leikskýrslu, teljist ólöglegur leikmaður í skilningi reglugerðar HSÍ.

Í 32. gr. reglugerðarinnar er fjallað um ólöglega skipað lið. Samkvæmt ákvæðinu telst lið ólöglega skipað ef ólöglegur leikmaður er á leikskýrslu, eða ef leikmaður tekur þátt í leiknum sem ekki er á leikskýrslu. Ef lið notast við ólöglegan leikmann telst viðkomandi lið hafa tapað leiknum 0-10. Sama gildir ef leikskýrsla er vísvitandi fyllt rangt út.

Telja verður að upptalning 32. gr. reglugerðar HSÍ feli í sér tæmandi talningu á því hvenær leikmaður, og þar með lið, telst ólöglega skipað. Ekki er um það deilt að sá leikmaður sem um ræðir var löglegur í upphafi leiks. Ekki verður því séð að ólöglegur leikmaður hafi verið á leikskýrslu kærða.

Síðari liður skilgreiningar 32. gr. reglugerðar HSÍ á ólöglegum leikmönnum felur í sér að leikmaður, sem er ekki á leikskýrslu, kemur inná leikvöllinn eftir upphafsmerki dómara. Eins og áður segir er það óumdeilt að mati dómsins að umræddur leikmaður var skráður á leikskýrslu. Þessi liður ákvæðisins á því ekki við. Þá verður almennt að túlka 32. gr. reglugerðarinnar samkvæmt orðanna hljóðan og varast að gefa ákvæðinu rýmri merkingu en beinlínis má lesa úr

orðalagi þess. Önnur niðurstaða myndi leiða til óvissu og óskýrleika við framkvæmd handknattleiksmóta sem ekki verður búið við. Þar af leiðandi er það mat dómsins að tilvik, sem ekki falla undir 32. gr. reglugerðarinnar samkvæmt hljóðan ákvæðisins, verði ekki felld undir ákvæðið með rýmkandi skýringu. Ekki verður því talið að það felist í orðalagi ákvæðisins að leikmaður verði ólöglegur við það að koma inn á leikvöllinn í liðstreyju með öðru númeri en í upphafi leiks og greinir í leikskýrslu.

Þá verður heldur ekki fram hjá því litið að tekið er á tilvikum sem þessum í leikreglum HSÍ frá 1. mars 2024, sbr. leikreglur IHF „IX. Rules of the Game a) Indoor Handball“. Segir þar í reglu 4.7 að allir útileikmenn liðs skuli vera í eins búningum og í reglu 4.8 að leikmenn skuli vera með sýnileg númer sem eru minnst 20 sm há á baki treyju og minnst 10 sm há að framanverðu.

Í skýringum við ákvæðin er sérstaklega tekið á því tilviki ef leikmaður kemur inn á leikvöllinn með rangt númer. Þar segir: „*Brot á reglum 4:7 og 4:8 leiða ekki til þess að lið missi vald á bolta. Þau leiða aðeins til truflunar á leik til þess að skipa leikmanni að leiðrétta mistökin og leikur hefst á ný með kasti til þess liðs sem hafði vald á boltanum.*“

Að mati dómsins er enginn vafi á því að umrædd regla tekur á því tilviki sem hér er til úrlausnar. Mælir reglan fyrir um hvernig dómara leiks skuli bregðast við ef aðstaðan kemur upp og er það í þeirra valdi að leysa úr henni og „leiðrétta mistökin“. Af því leiðir að slíkt tilvik getur ekki falið í sér að ólöglegur leikmaður hafi tekið þátt í leiknum í skilningi 32. gr. reglugerðar HSÍ.

Eftir stendur þá að meta hvort mat dómara á viðkomandi tilviki og viðbrögð þeirra komi til endurskoðunar hjá dómstólnum.

Í grein 17:11 leikreglna IHF segir að ákvarðanir dómara byggðar á mati þeirra á staðreyndum eða mati þeirra séu endanlegar. Aðeins megí áfrýja þeim ákvörðunum sem ekki eru í samræmi við leikreglurnar. Í 14. gr. reglugerðar um dómara og aðstoðarmenn segir að ekki sé hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli sem byggður sé á mati hans á stöðunni hverju sinni. Af ákvæðunum má ráða að mat dómara á því sem gerist á leikvöllinum verður ekki endurskoðað. Hins vegar megí „áfrýja“ ákvörðunum sem ekki eru „í samræmi við leikreglurnar“. Í orðalaginu felst að skjóta má ákvörðunum, sem eru andstæðar leikreglum en fela ekki í sér mat á staðreyndum, til úrlausnar dómstóla HSÍ.

Að mati dómsins er það almennt hluti af mati dómara á stöðunni hverju sinni hvernig ákvæðum 4.7 og 4.8 í leikreglum HSÍ verður framfylgt. Það er aðeins ef ákvarðanir dómara vegna brota á ákvæðum 4.7 og 4.8 samrýmast ekki leikreglunum sem þær geta komið til endurskoðunar dómsins. Ekki verður séð að neinar þær ákvarðanir, sem dómara umrædds leiks tóku, hafi haft þau áhrif á leikinn að framkvæmd hans verði talin í ósamræmi við leikreglur. Þá verður ekki fram hjá því litið að í málinu liggur fyrir að handknattleikssambönd bæði Danmerkur og Evrópu veita dómurum og eftirlitsmönnum mikið svigrúm til mats og viðbragða við túlkun ákvæða 4.7 og 4.8. Verður að telja það rétta skýringu ákvæðanna, enda væri óvissa um endanlegt gildi slíkra ákvarðana hverju sinni óboðleg fyrir íþróttina. Að áliti dómsins kemur því ekki til endurskoðunar í máli þessu hvernig dómara leiksins leystu úr þeim aðstæðum sem eru tilefni dómsmálsins.

Þá verður ekki fram hjá því litið að jafnvel þó ákvarðanir dómara geti að lögum komið til endurskoðunar hjá dómstól HSÍ leiðir það ekki sjálfkrafa til íhlutunar dómstólsins í framkvæmd eða úrslit leiksins. Meira þarf að koma til. Í 7. tl. kafla 2.1. í hluta II í reglum Alþjóða handknattleikssambandsins um lagaleg úrræði segir að mat dómara á staðreyndum skuli ekki endurskoðað, og að brot á leikreglum og óréttmætar ákvarðanir dómara skulu einungis leiða til þess að leikur verði endurtekinn, ef afleiðingar brotsins hafa úrslitaáhrif á leikinn. Það tilvik sem hér er til skoðunar er fráleitt þess eðlis að dómurinn beiti endurskoðunarvaldi sínu. Þar af leiðandi verður að hafna kröfum kæranda.

Kærði gerir kröfu um greiðslu málskostnaðar úr hendi kæranda. Á slík krafa sér stoð í 5. tölul. 1. mgr. 41. gr. laga HSÍ þar sem segir að dómurinn úrskurði málskostnað ef málsgrundvöllur telst tilefnislaus. Með hliðsjón af úrslitum málsins verður kærða ákvarðaður málskostnaður eins og greinir í dómsorði.

Úrskurðarorð

Kröfum kæranda, Handknattleiksdeildar Íþróttafélags Reykjavíkur ef hafnað.

Kærandi greiði kærða, ÍBV Íþróttafélagi, 50.000 krónur í málskostnað

Grímur Sigurðsson